

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi  
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland  
info@immi.is / <http://www.immi.is>



Nefndasvið Alþingis

27. maí 2015

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, tekur undir þá breytingu sem frumvarp um breytingu á upplýsingalögum sbr. þskj. 322 - 272. mál, kveður á um. Um er að ræða aukið gegnsæi í ríkisrekstri og aðgengi almennings að upplýsingum þar að lútandi. Hinsvegar leggur IMMI til að sú fjárhæð sem kveðið er á um að upplýsa skuli um vegna kaupa á vörum og þjónustu sé lækkuð allverulega. Ekki fæst séð hvers vegna miðað sé við 150.000 krónur sérstaklega. Sé upphæðin sem miðað er við lækkuð eykur það enn frekar aðgengi að upplýsingum og gagnsæi í ríkisrekstri.

En fagna ber auknu gegnsæi og aðgengi að upplýsingum.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson  
Framkvæmdastjóri IMMI